

stefnanda, Sigurjóns Einarssonar, í máli þessu. Stefnandi, Sigurjón Einarsson, greiði stefnda Tryggingamiðstöðinni h/f kr. 3.000.00 í málskostnað.

Stefndi Fiskiðjan h/f greiði stefnanda, Sigurjóni Einarssyni, kr. 431.334.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. júní 1966 til greiðsludags og kr. 52.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 30. apríl 1970.

Nr. 116/1969. **Stefán G. Ásmundsson**

(Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

Gylfa Gunnarssyni

(Birgir Ísl. Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ömerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Egilsson, bæjarstjóri á Neskaupstað, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómendunum Sveinbirni Á. Sveinssyni og Guðjóni Marteinsyni skipstjórum.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. júní 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 63.570.50 með 1% vöxtum á mánuði frá 9. marz 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, „að hann verði sýknaður af kröfum áfrýjanda“, en til vara, „að hann verði dæmdur til greiðslu mun lægri fjárhæðar“. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar.

Í héraðsdómi eru málsatvik lítt rakin, og eigi er getið þar nema að nokkru málsástæðna aðilja. Í dóminum koma

eigi skýrt fram þeir liðir í viðskiptum aðilja, sem um er deilt, og úrslit, að því er varðar einstaka kröfuliði, eru lítið rökstudd. Er gerð héraðsdómsins því andstæð ákvæðum 193. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Neskaupstaðar 31. janúar 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. janúar s.l., hefur stefnandi, Stefán G. Ásmundsson, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Neskaupstaðar með stefnu, útgefinni 27. marz 1968, gegn stefnda, Gylfa Gunnarssyni framkvæmdastjóra, til greiðslu launa, kauptryggingar, ferðakostnaðar og orlofs kr. 93.007.80, 1% vanskilavaxta, málskostnaðar samkvæmt reikningi og alls kostnaðar við fullnustu dóms í málinu. Þá krefst stefnandi einnig sjóveðréttar í m/b Glað, VE 270, til tryggingar dæmdum kröfum.

Við flutning málsins lækkaði stefnandi dómkröfu sína um kr. 6.000.00.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að í byrjun árs 1968 réðst stefnandi sem skipstjóri á skip stefnda, m/b Glað, VE 270, og átti skipið að stunda togveiðar. Var skipinu haldið til veiða við Vestmannaeyjar og afli lagður þar á land. Úthald skipsins virðist hafa gengið nokkuð skrikkjótt af ýmsum orsökum. Með símskeyti, dagsettu 9. marz 1968, sagði stefndi stefnanda upp starfi sem skipstjóra fyrirvaralaust.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt I. kafla sjómannalaga nr. 67 frá 31. desember 1963 beri skipstjóra, sem sagt

er upp stöðu sinni fyrirvaralaust og án heimilda þeirra, sem getið er í 4. og 5. gr. sömu laga, bætur fyrir tjón það, sem frávikningin veldur honum.

Sér hafi verið sagt upp stöðu sinni án fyrirvara og án nokkurrar ástæðu. Í því sambandi hefur stefnandi mótmælt sérstaklega yfirlýsingu þriggja skipsmanna sinna sem ósannri og óstaðfestri. Sé því með öllu ósannað, að hann hafi gefið útgerðarmanni skipsins tilefni til þess að segja sér upp starfi bótalaust. Þá bendir stefnandi á, að inni í kröfu sinni séu eftirstöðvar skuldar útgerðar sama skips við sig frá línuvertíð árið áður og sé því kröfum sínum um bætur vegna frávikningarinnar mjög í hóf stillt.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi hafi brotið svo af sér í starfi, að sér hafi verið heimilt að víkja stefnanda úr starfi sem skipstjóra á skipi sínu fyrirvaralaust og án bóta, enda sé sér það heimilt samkvæmt ákvæðum 5. gr. sjómannalaga nr. 67/1963.

Kemur þá til athugunar, hvort útgerðarmanni m/b Glaðs, VE 270, hafi verið heimilt að segja stefnanda upp starfi sínu sem skipstjóra fyrirvaralaust og án bóta.

Þrír skipsmanna hafa með yfirlýsingu, sem tveir þeirra hafa staðfest fyrir dómi, vottað um ástand stefnanda dagana fyrir uppsögnina, og lítur dómurinn svo á, að leggja þeri yfirlýsingu þessa til grundvallar, þegar meta skal heimild stefnda til uppsagnar stefnanda. Þá lítur dómurinn svo á, að vottorð löggilts vigtarmanns í Vestmannaeyjum um löndun báta þar dagana 7. til 9. marz, en vottorð þetta er einungis frá einni vigt, bendi til þess, að bátar hafi almennt verið á sjó þessa daga frá Vestmannaeyjum. Þá þer einnig að líta svo á, þar sem engar viðhlýtandi skýringar hafa fengið frá stefnanda, að yfirlýsing sú, sem flugafgreiðslumaðurinn í Vestmannaeyjum gefur á dómsskjali nr. 31, 10, gefi tilefni til þess að álykta, að stefnandi hafi ekki ætlað sér að fara í róður næstu daga.

Af framansögðu lítur dómurinn svo á, að sýkna þeri stefnda af kröfum stefnanda um bætur vegna uppsagnar á skipstjórastarfi.

Samkvæmt 5. gr. sjómannalaga nr. 63/1967 ber skipstjóra með tilliti til framanskráðs réttur á kaupi fyrir þann tíma, sem hann gegnir starfi.

Kemur þá til álita, hverjar kröfur verði lagðar til grundvallar launauppgjöri stefnda við stefnanda.

Stefnandi byggir kröfugerð sína á dómsskjali nr. 4, en stefndi á dómsskjali nr. 22.

Á undirreikningi við dómsskjal nr. 4 eru 5 liðir, þar af 3 ágizkanir að einhverju leyti, og hafa ekki verið gefnar viðhlítandi skýringar á þeim.

Þá er kauptrygging og fastakaup reiknað allt til 20. apríl 1968, og verður því ekki af skjölum þessum séð, hver launakrafa stefnanda er.

Á dómsskjali nr. 22 er nákvæmt yfirlit yfir viðskipti málsaðilja, og er það skjal stutt undirskjöllum að mestu, og þykir því verða að leggja það skjal til grundvallar launauppgjöri stefnda við stefnanda.

Af dómsskjali nr. 22 sýnist mega ráða, að stefnandi hafi fengið greiðslur frá stefnda til útgerðar skipsins, og hefur hann m. a. greitt til áhafnar gegn kvittunum, og eiga þær greiðslur að koma stefnanda til góða svo og aðrar þær greiðslur, sem sannanlega tilheyra útgerðarkostnaði skipsins.

Niðurstaðan verður því þessi: Stefndi greiði stefnanda kr. 52.945.06. Þar frá dregst fjárhæð sú, sem stefnandi hefur móttekið í peningum, honum reiknaður fæðiskostnaður og þinggjald, samtals kr. 44.572.06, en af þeirri fjárhæð á stefnanda að koma til góða kr. 10.500.00, sem eru greiðslur frá honum til áhafnar skipsins, og enn fremur samanlögð fjárhæð reikninga, kr. 9.419.00, sem stefndi hefur greitt, en dregið frá stefnanda í uppgjörinu, en ósannað er, að reikningar þessir, sem eru á dómsskjölum nr. 28—30, svo og greiðsla, uppgæfin í síma, og greiðsla til bæjarsjóðs, sem fylgiskjöl eru ekki fyrir hendi um, tilheyri öðru en útgerð skipsins.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda að greiða stefnanda kr. $52.945.06 - 44.572.06 = 8.373.00 + 10.500.00 + 9.419.00 =$ kr. 28.292.00.

Vextir þykja hæfilega ákveðnir 8% frá 9. marz 1968 til greiðsludags, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Gylfi Gunnarsson, á að vera sýkn af kröfu stefnanda, Stefáns G. Ásmundssonar, um bætur vegna uppsagnar á skipstjórn 9. marz 1968.

Stefndi, Gylfi Gunnarsson, greiði stefnanda, Stefáni G. Ásmundssyni, kr. 28.292.00 auk 8% ársvaxta frá 9. marz 1968 til greiðsludags.

Stefnandi, Stefán G. Ásmundsson, á sjóveðrétt í m/b Glað,
VE 270, til tryggingar kröfu sinni.
Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 30. apríl 1970.

Nr. 166/1969. **Haraldur Pétursson**

(Jón P. Emils hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Ólafur Stefánsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Riftun ráðningarsamnings. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. ágúst s. á., og gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 304.300.00 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Háttsemi áfrýjanda í sambandi við ölbrugg í húsakynnum skólans, eins og hún er rakin í vitnaframburðum, var óviðurkvæmileg og samrýmdist ekki starfi hans. Skólastjóra var því heimilt að rifta ráðningu áfrýjanda.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.